



ÁRSSKÝRSLA 2023



Skýrsla framkvæmdastjóra

- starfsárið 2023

Yfirlit

Stærsta framkvæmd félagsins á árinu 2023 var hitaveitulögn frá Egilsstöðum í Eiða. Framkvæmdin mun án efa styðja við uppbyggingu á Eiðum. Skólabyggingar gamla Alþýðuskólans eru þegar komnar í notkun á nýjan leik, sem var forsenda þess að farið var af stað með lögnina. Viðræður eru enn í gangi við landeigendur um jarðhitaleit og -nýtingu í Eiðabínghá, en vonir eru bundnar við að samningur um leit og nýtingu verði undirritaður á næstu mánuðum.

Á Egilsstöðum var lokið við lagnir í nýjar götur í Votahvammi og lagnir í Reynivöllum endurnýjaðar og fráveitukerfi tvöfaldað.

Á Djúpavogi var ætlað að hefja tilraunavinnsluborun á Búlandsnesi á haustdögum, en vegna anna borverktaka hófst borun í febrúar 2024. Undirbúningi og efniskaupum til endurnýjunar fráveitu var haldið áfram. Aðalskipulagsbreyting var afgreidd formlega á síðustu vikum ársins, sem gefur vonir um að mögulegt verði að hefja framkvæmdir við dælu- og hreinsivirki auk útrásarlagnar á fyrri hluta 2024. Endurgerð útboðsgagna fyrir útrásarlögn fráveitu frá Voginum út fyrir Langatanga er lokið. Framkvæmdaútböð verður auglýst í mars 2024.

Á Borgarfirði var byrjað að tengja heimlagnir inn á nýjan stofn vatnslagnar frá Fjarðarborg að Svínalæk. Yfirborð þjóðveggar frá Hólalandsvegi að Svínalæk var endurnýjað af veghaldara og fráveitulagnir og -brunnar í veginum á sama kafla yfirfarnar og brunnar hækkaðir, sem sumir voru alldjúpt undir yfirborði.

Á Seyðisfirði var öðrum áfanga endurnýjunar stofnlagningar frá inntaki í lóni að Ránargötu nánast lokið, verður klárað þegar tíð leyfir á vordögum 2024. Viðræður HEF, Múlaþings og Rarik hófust um framtíð fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar. Rarik hefur um nokkurt skeið ætlað að losa sig undan rekstri veitunnar. Áformað er að halda viðræðum áfram á næstu mánuðum.

Samstarf og þjónustukaup af áhaldahúsum sveitarfélagsins verður áfram í þróun.



Nýtt dæluhús á Breiðavaði

Mannauður

Hjá félaginu störfuðu að jafnaði 9 manns á árinu,

- framkvæmdastjóri,
- tveir til þrjár í verklegum framkvæmdum og reglubundnum viðhalds- og eftirlitsstörfum,
- skrifstofu- og fjármálastjóri,
- sérfræðingur á fjármálasviði
- tækni- og gæðastjóri,
- verkefnastjóri
- ræstitæknir á skrifstofu.


Ársverk voru 8,0 á árinu.

Stefán Númi Stefánsson var við störf fyrstu 3 og síðustu 3 mánuði ársins. Embla Rán Gísladóttir tók við starfi sérfræðings á fjármálasviði í upphafi árs. Rafael Rökkvi Freysson var sumarstarfsmaður. Haddur Áslaugsson tók við starfi tækni- og gæðastjóra um miðjan apríl. Glúmur Björnsson var ráðinn jarðfræðingur í maí. Nigar Khaligova var ráðin til afleysingar í fæðingarorlofi Emblu Ránar í október. Védís Vaka Vignisdóttir orkuverkfræðingur var ráðin í nóvember og hóf störf í janúar 2024.

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur félagsins vegna ársins 2023 sýnir að reksturinn gekk vel.

Heildartekjur árið 2023 námu 760 m.kr. samkvæmt rekstrareikningi samanborið við 674 m.kr. árið 2022. Hækkuðu um 12% frá fyrra ári. Rekstrargjöld jukust einnig úr 237 m.kr. 2022 í 287 m.kr. eða um 21%.



Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 356 m.kr. samanborið við 325 m.kr. árið 2022. Hrein fjármagnsgjöld námu 54 m.kr. samanborið við 56 m.kr. árið 2022, 26 m.kr. árið 2021 og 68 m.kr. árið 2020. Þessar miklu sveiflur má helst skýra með sveiflukenndu efnahagssumhverfi; háum vöxtum, þenslu og verðbólgu.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 301 m.kr. Tekjuskattur nemur 17,3 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því um 284 m.kr. í hagnað, en var 252 m.kr. árið 2022.


Eignir og eigið fé

Heildareignir félagsins í árslok 2023 námu 3.142 m.kr. samanborið við 2.796 m.kr. í árslok 2022.

Langtímakröfur eru 13,5 m.kr. í árslok en voru 14,1 m.kr. í árslok 2022.

Eigið fé félagsins er 2.006 m.kr. í árslok 2023 samanborið við 1.722 m.kr. í árslok 2022 og er eiginfjárlutfall félagsins 63,8% samanborið við 61,6% í árslok 2022. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið nokkuð stöðugt í rúman áratug, en með auknum verkefnum framundan er útlit fyrir að nokkuð muni ganga á eigið fé félagsins. Arðsemi eigin fjár var 14,2% á árinu en var 14,7% 2022.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.136 m.kr. í árslok 2023 samanborið við 1.074 m.kr. í árslok 2022. Langtímaskuldir námu alls 834 m.kr. í árslok, samanborið við 836 m.kr. árið áður.





Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 416 m.kr. á árinu 2023 eða sem nemur 54,7% af heildartekjum ársins.


Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 486 m.kr. 2023, en var 574 m.kr. árið 2022.

Fjárfestingar námu samtals 513 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 333 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 72 m.kr., fjárfesting í fráveitu 93,3 m.kr. og fjárfestingar í gagnaveitu 24 m.kr. að teknu tilliti til opinberra styrkja.


Vegna aðstæðna á fjármálamarkaði var afráðið að taka skammtímalán hjá viðskiptabanka. Yfirdráttarlánið er með 440 m.kr. þaki. Við lok árs 2023 voru 124,5 m.kr. nýttar af heimildinni. Afborganir langtímalána námu 55 m.kr. og afborganir leiguskulda 37 m.kr. Félagið greiddi samtals 44 m.kr. í vexti á árinu 2023 samanborið við 42 m.kr. árið 2022.

Handbært fé í árslok er 2,1 m.kr., samanborið við 2 m.kr. í árslok 2022.


Eigið fé




Eiginfjárlutfall



Hagnaður EBITDA



EBITDA sem hlutfall af veltu



Starfsemin á árinu

Hitaveita frá Urriðavatni

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam 2.191 þúsund m³, meðalvinnsla er því 69,5 l/sek. eða 250 m³ á klukkustund. Í desember var mesta mánaðarnotkun ársins 252 þús. m³ eða um 94 l/sek að meðaltali. Aukning vinnslu frá fyrra ári er um 0,5%, sem er umtalsvert minni aukning en undanfarin ár. Ekki hefur verið farið í saumana á því enn. Ársmeðalhiti 2023 á veðurstöð veitunnar við Tjarnarbraut reiknast 3,9°C, en var 4,1°C 2022. Þar mældist mesti hiti 26,6°C 17. júní og minnstur -15,6°C 6. desember.

Sala á heitu vatni skv. sölukerfi er 1.700 þús. m³. Sala um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 334 þús. m³. Heildartekjur af heitavatsrekstri árið 2023 námu 274 m.kr.

Íþróttamannvirki á Egilsstöðum og í Fellabæ notuðu um 132 þús. m³ árið 2023. Notkun á heitu vatni til afbræðslu var um 4 þús. m³. Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum notuðu um 26 þús. m³ og Vök Baths notaði um 252 þús. m³ á árinu 2023.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Skipt var um dælurör og búnað í kring í holu UV-9 snemma vors. Bilanir í veitukerfinu voru fátíðar, þó einhverjar uppákomur verði í flestum mánuðum.

Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í kerfinu fátíður. Þó varð alvarleg bilun í dælubúnaði í Kyndistöð þegar rörtenging rofnaði við dælu í kjölfar rafmagnsleysis, þegar unnið var að endurræsingu dælnnar. Nokkurt tjón hlaust af, loftljós í húsinu sem komin voru til ára sinna og ekki rakapétt, eyðilögðust þegar 75°C heitt vatnið flæddi um og gufan sem fylgdi fyllti húsið. Einnig skemmdust mælar og annar búnaður, og vegna truflana í rafmagni brann hraðabreytir einnar dælu yfir. Áskorun fólst í því að þurrka vel og örugglega rafmagnstöflur áður en rafmagni var hleypt á þær. Truflun varð á afhendingu heita vatnsins í um 5 klst. af þessum sökum.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast, t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 55 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostar 24,4 m.kr., var 19,8 m.kr. 2022. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 13,2 m.kr. hærri 2023 en árið 2022.

Hitaveita Djúpavogshrepps

Þau ánægjulegu tíðindi urðu á árinu að stjórnvöld auglýstu styrki til jarðhitaleitar. HEF veitur sóttu og fengu styrk að fjárhæð 134,8 m.kr. Styrkur getur ekki orðið hærri en 2/3 af útlögðum kostnaði styrkþega. Félagið ítrekar ánægju sína og þakklæti fyrir stuðninginn. Ánægjulegt er að sjá raungerast vitundarvakningu um mikilvægi jarðhitavinnslu í orkuskiptum.

Mínar síður og álestrar

Álestur notenda og skráning á Mínar síður HEF er ekki að ganga nógu vel. Reglulegur álestur hitaveitumæla er mjög æskilegur til að minnka sveiflur í upphæðum reikninga til viðskiptavina, sem stundum verða við uppgjörsálestra þegar langt líður milli þeirra. Líklegt má telja að uppfærsla mælitækni verði til að leysa þennan vanda.

Í fjárfestingaáætlun fyrir 2024-2026 hafa fjármunir verið merktir snjallmælavæðingu. Undirbúningur er hafinn og innkaupaáætlun í vinnslu. Vonast er til að fyrstu snjallmælarnir verði settir upp seinni hluta árs 2024.

Vatnsveita

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2023 var um 767 þús. m³ eða að meðaltali 24,33 l/sek., jókst um 14% frá fyrra ári, en jókst um 6% frá 2022 til 2023. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur allra vatnsveitna var 4,7 m.kr. á árinu. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 20,1 m.kr. eða um 1,7 m.kr. hærri en árið 2022.


Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, í Beinárgerði á Völlum og að Mýnesi I og Fossgerði í Eiðþinghá.

Samnýting vatnsveitu og varmadælu í Brúarási hefur verið í all nokkru brasi. Á mörkunum er að holurnar tvær dugi bæði varmadælu sem kyndir að hluta byggingar á torfunni og vatnsveitunni. Gangtruflanir hafa verið í varmadælunni þegar dæling í forðatank vatnsveitu stendur yfir.

Rekstur vatnsveitna á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri gengur þokkalega. Vatn er geislað með útfjólubláu ljósi á Djúpavogi og Seyðisfirði. Vatnsgæði hafa alla jafnan verið ásættanleg, en mikilvægi lýsingar með útfjólubláu ljósi vegur þungt í því að uppfylla gæðakröfur m.t.t. gerlafjölda. Vatn á Borgarfirði eystri hefur þar til í október staðist gæðakröfur án lýsingar, en þá mældist væg gerlamengun í vatninu, trúlega vegna ofanvatns í lindarbrunnum. Lýsingartæki í hreinsistöð vatnsveitu Seyðisfjarðar byrjaði að bila í desember og í sýnatöku HAUST í febrúar 2024 mældist gerlamengun í vatninu. Brugðist var við strax og mengunin mældist og var lýsingartæki komið í fulla virkni 5 dögum eftir að niðurstöður úr gerlatalningu lá fyrir. Gæðateymi félagsins hefur tekið málið föstum tökum og vinnur skv. áætlun að úrbótum.

Veðurfar sumarsins olli ekki þurrkum og vandræðum við vatnsöflun í dreifbýli eins og raun varð sumarið 2022.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 188 m.kr., hækkaði um 28 m.kr. frá fyrra ári.





Fráveitubrunnar á Djúpavogi

Fráveita

Álögð gjöld fráveitu voru 278 m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um 36 m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2023 nam 64,2 m.kr. en árið 2022 var kostnaðurinn 48,7 m.kr., hækkun um 15,5 m.kr. milli ára.

Á Egilsstöðum og Fellabæ eru rekstrarleigusamningar við Hreinsitækni ehf. vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir runnu út á haustdögum 2023, en framlenging þeirra hefur verið tryggð. Hreinsitækni sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli Múlapings, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 277 á árinu 2023.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja skólp frá regnvatni og bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast hreinsunarkröfur og rekstrarkostnaður minnkar. Stjórnvöld hafa stutt fráveituverkefni með endurgreiðslu 20% kostnaðar fráveitna við framkvæmdir sem fela í sér bættu hreinsun fráveituvatns. Að óbreyttu mun stuðningur stjórnvalda verða í boði næstu 6-8 ár. Fyrirvari er þó gerður um fjármögnun styrktarsjóðsins.

Rekstur fráveitna á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi hefur verið í sama horfi og undanfarin ár. Á teikniborðinu er geislun fráveituvatns frá bæjarrotþróum við Svínalæk á Borgarfirði. Verulega styttist í að framkvæmdir verði að nýju boðnar út vegna nýrrar útrásar og dælulagnar á Langatanga á Djúpavogi. Hreinsun og fyrirkomulag fráveitu á Seyðisfirði verður skoðað í framhaldi og samhlíða skipulagsbreytingum á hafnarsvæði.

Söfnun eldhúsfitu frá heimilum og fyrirtækjum, með það að markmiði að minnka verulega álag á fráveitu- og hreinsikerfi er enn við lýði. Margnota trektar á einnota plastflöskur eru afhentar íbúum og fyrirtækjum endurgjaldslaut. Tekið er á móti eldhúsfitu á móttökustöðvum í sveitarfélaginu.

Gagnaveita

Rekstur gagnaveitu félagsins er að komast í fastar skorður. Síðustu tengingar í verkefninu Ísland ljóstengt voru unnar fyrri hluta árs 2023 og má heita að lítið hafi bæst við síðan þá. Þó hafa stöku umsóknir um tengingar borist og hefur þeim flestum verið sinnt. Útleiga „svartra“ ljósleiðara er vaxandi og mikilvægur tekjuliður í rekstrinum. Þó má betur gera, ef duga skal og veitan að standa undir fjárfestingunni.

Heita má útséð um von um frekari stuðning stjórnvalda við fjármögnun verkefnisins, sem er miður.

Gæði og eftirlit

Veitan nýtur þjónustu og eftirlits Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST).

Eins og fram hefur komið varðandi vatnsveitu Borgarfjarðar, þá kom í ljós örverumengun við reglubundið eftirlit með neysluvatni í byrjun október 2023. Mengunina má að öllum líkindum rekja til mikillar vætutíðar sem veldur yfirfalli í lindarbrunnum. Ekkert lýsingartæki er í vatnsveitu Borgarfjarðar, en það mál er nú til endurskoðunar. Eins var gæðafrávik í hreinsistöð vatnsveitu Seyðisfjarðar, en sýnataka HAUST í febrúar 2024 sýndi væga gerlamengun í vatninu í kjölfar bilunar lýsingarbúnaðar. Kom í ljós að ein pera af fjórum hafði bilað og var bætt úr því 5 dögum eftir að niðurstöður úr gerlatalningu lá fyrir. Gæðateymi félagsins hefur tekið málið föstum tókum og vinnur skv. áætlun að úrbótum.

Í kjölfar borunar til hitaveitu á Djúpavogi á árinu 2024 stendur til að prufa að bora eftir neysluvatni, með það markmið að skipta út vatnsbólínu á Búlandsdal og leysa fyrri gæðafrávik. Árið 2022 komu upp gæðafrávik vegna gruggs og gróðurleifa, en engin slík frávik voru á árinu 2023. Fyrri áform um endurhönnun inntaks með síun í Búlandsdal hafa verið sett á ís þar til möguleikinn með borun hefur verið reyndur.

Umhverfissvöktun við útrásir fráveitu hefur sýnt að álag á viðtaka er sumstaðar óheppilega mikið, en markmið félagsins, sem fjárfestingaáætlanir fráveitnanna bera með sér, er að minnka þessi neikvæðu áhrif. Þátttaka stjórnvalda í kostnaði við úrbætur er afar þýðingarmikil, sérstaklega fyrir smærri veitur eins og okkar, þar sem kostnaður á hvern notanda getur verið mjög hár.

Skógarorka

Viðræður stærstu hluthafa um örlög félagsins náðu ekki fram að ganga á árinu.

Samorka

HEF er aðili að Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna. Samorka hefur staðið fyrir og verið málsvari veitnanna gagnvart stjórnvöldum. Drjúg vinna Samorku felst í umsagnarvinnu og samskiptum við stjórnvöld vegna þeirra fjölmörgu brýnu verkefna sem hvíla á veitum og orkufyrirtækjum. HEF á varamann í stjórn Samorku og fulltrúa í Ráðgjafaráði veitna og fagraðum samtakanna á sviði gæðamála, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Þá má nefna að tæknistjóri HEF tekur þátt í samstarfi orku- og veitugeirans á vettvangi Cert-is.

Fagþing hita-, vatns- og fráveitna, ráðstefna og vörusýning, var haldin á Selfossi í maí. Fjórir starfsmenn HEF sóttu fagþingið sem heppnaðist vel í alla staði, skilaði bættu sambandi við tengiliði birgja og fyllti á viskubrunn starfsmanna HEF.

Reikningshald og endurskoðun

Enn vantar á að endurnýjun bókhaldskerfisins sé að fullu lokið. Áætlana- og skýrslugerð þarf að koma í betra horf, en þjónustuaðili hefur lofað löngu tímabærri uppfærslu á útgáfu kerfisins sem félagið notar, sem á að stórbæta möguleika og einfalda útdrátt upplýsinga.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka eru einnig nokkur og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur var gerður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins, en stefnt er að einföldun ferlisins og nýta útdrátt úr bókhaldskerfi til að greina stöðu fjárhags oftari, svo sem 3-4 sinnum á hverju ári.




Nýframkvæmdir

Á árinu 2023 var fjárfest með framkvæmdum fyrir 546 m.kr., um 19% meira en árið áður. Í hitaveitu voru nýframkvæmdir fyrir 333 m.kr., í vatnsveitunni fyrir 72 m.kr., í gagnaveitunni fyrir 24 m.kr. og fráveitunni fyrir 117 m.kr., án tilkomu styrkja.

Heimlagnir að nýjum íbúðum voru 6 á Egilsstöðum og Fellabæ, 26 í dreifbýli á Fljótsdalshéraði, 5 í sumarbústaði á Fljótsdalshéraði, 1 á Borgarfirði, og 1 á Seyðisfirði.

Fjárfestingar í verðlagi hvers árs




Egilsstaðir

Lagning dælugagnar fráveitu frá brennustæði og út á **Melshorn** lauk á árinu. Á vormánuðum lauk framkvæmdum við veitulagnir í nýjar götur í **Votahvammi** við Eyvindará. Endurnýjun lagna í **Reynivöllum** stóð yfir sumartímann, samhliða yfirborðsendurnýjun götunnar á vegum sveitarfélagsins, og var fráveitukerfið þá um leið tvöfaldað.

Sniðræsi að Melshorni



Reynivöllir





Fljótsdalshérað

Stærsta verkefni ársins var lagning hitaveitu í **Eiða**, þar sem tæplega 14 km löng hitaveitulögn var lögð frá Votahvammi á Egilsstöðum út í Eiða. Fjórir bæir í Eiðapinghá voru tengdir á leiðinni. Íbúðakjarni og skólabyggingar á Eiðum voru tengdar, en það stendur einnig til að tengja sumarhúshverfi BSRB á Stórahaga.

Héraðsverk hóf framkvæmdir við stofnlögn 19. júlí og var lögnin komin út í Eiða um miðjan október. Um miðjan september hófst vinna við dreifilagnir og voru tengingar komnar í öll hús í byrjun desember. Skólabyggingar voru tengdar snemma árs 2024 en Stórahaga var frestað til vors. Framkvæmdin gekk afar vel, verkáætlun stóðst og öll vinna verktaka til fyrirmyndar.

Framkvæmdir við framlengingu vatnsveitu inn Velli hófust um sumarið. Þá var lögð um 6 km löng vatnslögn frá Unalæk á **Völlum** inn í sumarhúsabyggð í Hjallaskógi. Í leiðinni voru Kaldá, Sellækur og Beinárgerði tengd. Þ.S. Verktakar hófu framkvæmdir um miðjan júní og luku síðustu tengingum um miðjan september og var þá komið vatn á öll hús. Almennt gekk verkið vel og lauk framkvæmdum stuttu síðar en áætlað var.

Fráveitu- og vatnsveitulagnir voru lagðar samhliða uppbyggingu athafna- og þjónustu-svæðis við **Ferjukíl**, en framkvæmdir stóðu fram í nóvember 2023. Fráveitulögn var lögð í dælubrunn við flugvallarplan, en bora þurfti fyrir regnvatnslögn undir flugvallarveginn. Hita- og vatnsveitulagnir voru tengdar við stofn á nesinu, en frekari framkvæmdum við hitaveitulagnir var frestað þar til fyrirséð er hvenær framkvæmdir á lóðum hefjast.

Seyðisfjörður

Á Seyðisfirði var öðrum áfanga endurnýjunar stofnlagningar á 300 metra kafla, frá inntaki í lóni að Ránargötu, nánast lokið. Stefnt er á að klára verkið þegar tíð leyfir á vordögum 2024.



Hitaveitulagnir voru lagðar að nýbyggingum meðan framkvæmdir stóðu yfir, við Vallargötu og Hlíðarveg.

Viðræður HEF, Múlaþings og Rarik hófust um framtíð fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar. Rarik hefur um nokkurt skeið ætlað að losa sig undan erfiðum rekstri veitunnar. Áformað er að halda viðræðum áfram á næstu mánuðum.

Djúpivogur

Á Djúpavogi var áætlað að hefja tilraunavinnsluborun á Búlandsnesi á árinu, en vegna anna borverktaka hófst borun í febrúar 2024. Í lok mánaðar hafa verktakar borað tæpa 450metra.

Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar fráveitu tafðist m.a.vegna óvissu um legu dælulagnar undir Voginn, en breytingin var formlega afgreidd í desember 2023. Endurgerð útboðsgagna fyrir útrásarlögn fráveitu



frá Voginum út fyrir Langatanga lauk að mestu. Stefnt er á framkvæmdir við dælu- og hreinsivirki auk útrásarlagnar 2024.

Búlandstindur lagði lög्न fyrir vinnsluvatn frá laxaslátrun og frystihúsi úr Gleðivík í Hamarsfjörð. Aðeins hluti lagnaleiðar, milli frystihúss og bræðslu, var samnýttur með Búlandstindi. Múlþing nýtti tækifærið og lagði gönguleið meðfram Víkurlandi.

Frárennislagnir voru endurnýjaðar í Eyjalandi. Í desember hófust gatnaframkvæmdir við lengingu Borgarlands, veitulagnir verða lagðar samhliða gatnagerðinni.

Borgarfjörður eystri

Á Borgarfirði var byrjað að tengja heimlagnir inn á nýjan stofn vatnslagnar frá Fjarðarborg að Svínalæk. Yfirborð þjóðveggar frá Hólalandsvegi að Svínalæk var endurnýjað af veghaldara og fráveitulagnir og -brunnar í veginum á sama kafla yfirfarnar og brunnar hækkaðir, sem sumir voru alldjúpt undir yfirborði.

Viðhald og endurnýjanir

Markmið HEF er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á lagnakerfum, öllum búnaði og fasteignum sínum. Vegna fyrirsjáanlegs kúfs í nýframkvæmdum og átaki í endurnýjun vatns- og fráveitukerfa er líklegt að fyrirbyggjandi viðhaldsáform riðlist eitthvað, en markmiðið er skýrt.



Verkefni og framtíðarsýn

Hitaveita

HEF er eina veitan, amk. á Íslandi, sem býður hitaveituvatn sem vottað er til matvælaframleiðslu og neyslu. Það er allrar athygli vert að vitundarvakning hefur orðið á Íslandi um að heita vatnið er þrjótandi auðlind. Það minnkar sem af er tekið. Félagið er sem betur fer svo vel stadd með vinnslusvæðið við Urriðavatn að ekki hefur þurft að koma til skerðinga á afhendingu á kaldasta tíma, eins og raun er víða á landinu.

Eftirminnilegt er hvernig fréttamanni Austurfréttar tókst að snúa rækilega út úr orðum framkvæmdastjóra félagsins í samtali þeirra um heitavatnsforðann og -notkun. Framkvæmdastjóri kvað ráðgjafa félagsins hafa gefið það út undanfarin ár að nægur forði af $>70^{\circ}\text{C}$ heitu vatni yrði til ráðstöfunar hjá veitunni í amk. 30 ár, m.v. hóflega magnaukningu. Þessu tókst fréttamanni að snúa á þá leið að heitavatnið undir Urriðavatni væri að klárast og að í óefni stefndi. Við þessu hefur ekki verið brugðist, en leiðrétt í samtölum við þá fáu sem hafa spurt og lýst áhyggjum. Uppákomuna má telja af hinu góða, til að vekja samfélagið til vitundar um að minnka sóun og nýta auðlindina af skynsemi.

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, hafa unnið forðalíkan fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár um framtíðarafköst jarðhitakerfisins og uppbyggingu dreifikerfis.

Síðasta spá ÍSOR um vinnsluna við Urriðavatn gerir ráð fyrir viðunandi hitastigi ($>70^{\circ}\text{C}$) á vatninu eftir 30 ár með „hóflegri“ vinnsluaukningu. Þar sem leit og vinnsla nýrra viðtakandi svæða er tímafrek er nauðsynlegt að veitan hugi tímanlega að nýjum svæðum eða borholum. Einn liður í viðleitni til þess er jarðhitaleit í **Eiðapínghá**.

Jarðhitaleit

Fundir hafa verið haldnir með landeigendum Breiðavaðs og Mýness II, með það að markmiði að setja jarðhitaleit á annað stig, en félagið mun ekki ráðast í frekari fjárfestingar fyrr en samningur við landeigendur verður frágenginn. Hitastigulsrannsóknir gefa góð fyrirheit um hitastig, en alls óvíst er hvort vatn finnst á svæðinu. Ráðgjafi fullyrðir að þó nálægðin við Urriðavatn sé mikil séu jarðhitakerfin ótengd.

Merkum áfanga var náð í desember 2023, þegar framkvæmdum við stofn- og dreifilagnir hitaveitu í **Eiða** lauk.

Ætlað var að tilraunavinnsluborun á **Búlandsnesi** yrði hafin á árinu. Vegna þéttar dagskrár heppilegs jarðbors seinkaði komu hans. Uppstilling jarðborsins Tröllla hófst 4. febrúar og borun hófst daginn eftir. Það byrjaði ekki betur en svo að loftþessa borsins bilaði og tafðist framvinda um nokkra daga. Holan er boruð með 8° halla frá lóðréttu til norð-vesturs og markmiðið að skera þekta jarðhitæð á 500-600 metra dýpi. Fyrst var borað með lofthamri og komst borinn mest um 80 metra á dag. Á 320 metra dýpi opnaðist stór hálf-köld vatnsæð sem tafði borframvindu og varð síðan til þess að steypa þurfti í hana. Lofthamar hélt aðeins áfram þar til skipt var yfir í hjólakrónuborun sem þarf þegar komið er á meira dýpi. Slík borun gengur hægar og borast nú um 10-20 metrar á dag. Í lok febrúarmánaðar er borinn kominn 444metra niður. Ekki er vona á tíðindum fyrr en eftir rúma 100 metra.



Borun holu DPV-31 á Djúpavogi

Kyndingarkostir á Seyðisfirði

Starfshópur, sem samanstóð af fulltrúum Múlaþings, HEF veitna og Rarik, ásamt ráðgjöfum frá Orkustofnun og EFLU, tók til starfa í febrúar 2023. Verk hópsins var að móta tillögu að framtíðarfyrirkomulagi hitaveitu á Seyðisfirði á grundvelli fyrirbyggjandi niðurstaðna greiningarvinnu EFLU. Helstu niðurstöður eru þær að dreifikerfi bæjarins er komið á tíma og nauðsynlegt að ráðast í enduruppbyggingu þess, eigi sveitarfélagið að nýta sér áfram rekstur miðlægrar kyndistöðvar. Hækkandi raforkuverð og eftirspurn raforku er stærsti óvissuþáttur um framtíðarrekstur veitunnar. Reglugerðir stjórnvalda hafa enn ekki greitt leiðina fyrir fjarvarmaveitur, þrátt fyrir að stuðla að orkusparnaði ef notuð er miðlæg varmadæla, auk þess að hagræða rekstur ríkissjóðs sem nú niðurgreiðir kostnað beinnar rafkyndingar. Það er stefna stjórnvalda að minnka notkun á rafmagni til húshitunar og standa styrkir til boða fyrir orkusparandi aðgerðir, sem myndu nýtast við innleiðingu miðlægrar varmadælu, og er sá kostur tekinn til skoðunar í áframhaldandi greiningarvinnu.

Ýmsir valmöguleikar varðandi kyndingakosti hafa verið skoðaðir, en nú er helst litið til notkunar miðlægrar varmadælu, ásamt viðarperlukyndingu sem yrði nýtt bæði sem varaafli og til sveiflujöfnunar. Enn er óvíst með trygga raforku á samkeppnishæfu verði og liggur boltinn hjá stjórnvöldum.

Greiningarvinna heldur áfram á árinu og reiknað með að lausn fáið í málið í lok árs, en Rarik hyggst hætta rekstri veitunnar í byrjun árs 2025.

Fráveita

Mikil óvissa ríkir um hve mikið stjórnvöld munu auka kröfur um hreinsun fráveituvatns og áhrif þess á framkvæmdir fráveitu í Múlaþingi. Endurskoðun reglna á EES er á lokametrum og hörðum höndum unnið að því, bæði á vettvangi íslenskra stjórnvalda og Samorku, að vinna að aðlögun og innleiðingu þeirra fyrir Ísland. Á meðan hefur framkvæmdastjórn metið hagfelld að halda að sér höndum, framlengja leigusamninga um núverandi hreinsivirki á Fljósdalshéraði, eftir því sem þeir renna út.

Fráveitumál verða fyrirferðarmikil í framkvæmdum HEF á komandi árum.

Á **Egilsstöðum og Fellabæ** verður haldið áfram með hönnun og undirbúning hreinsistöðvar, en framvinda hefur nánast engin verið af ofangreindum ástæðum. Byggingarnefnd hreinsistöðvar hefur verið skipuð og hefur hist tvisvar sinnum. Áform eru um heimsókn í nýlega byggða hreinsi- og dælustöð á Höfn í Hornafirði. Miklir fjármunir eru í húfi og mikilvægt að áætlanir um afköst og hreinsunargæði séu vel stilltar af til framtíðar.

Á **Borgarfirði eystri** eru viðbætur og breytingar fráveitu frá Blábjörgum í farvatninu, sem og nokkrar heimæðar. Áætlað er að framlengja göturnar Jörfa og Dagsbrún sumarið 2024, með tilheyrandi stækkun lagnakerfis veitunnar.

Stefnt er að lagningu útrásar á Langatanga á **Djúpavogi** ásamt uppsetningu hreinsivirkis.

Á **Seyðisfirði** stendur til að færa fráveitulögn undan nýlega skipulögðum lóðum við Lónsleiru, á vormánuðum 2024. Nauðsynlegar úrbætur fráveitu, bygging hreinsivirkis, eru á skipulagsstigi og haldast í hendur við framkvæmd landfyllingar í svæðið hjá smábátahöfninni.

Stjórnvöld styrkja úrbótaverkefni í fráveitumálum, 20% af raunkostnaði framkvæmda. Skilyrði styrkveitinga eru ströng og skilyrðislaus krafa um ítarleg gangaskil með umsóknum. Í reglugerð um fráveitustyrki er kveðið á um 15-30% styrki, sem m.a. taki mið af kostnaði á íbúa hvernar veitu [Rg. 1424/2020, 5 gr.]. Sú aðferðafræði hefur ekki verið viðhöfð við úthlutanir úr sjóðnum en gæti haft umtalsverð áhrif á framlög til fráveitna HEF. Þessu hefur verið komið á framfæri við ráðherra.

Vatnsveita

Á **Seyðisfirði** er áætlað að vinna 3. áfanga endurnýjunar stofnlagnar frá lóni að hreinsistöð. Lega hennar mun að hluta fylgja nýrri veglínu að Fjarðarheiðargöngum. Endurnýjun vatnsveitu í Gilsbakka er áformuð á sumarmánuðum 2024.

Á **Borgarfirði eystri** er þörf á úrbótum við vatnstank og er nú til skoðunar að koma upp lýsingarbúnaði fyrir neysluvatn. Tengingar inn á nýja stofnlögn vatnsveitu verða gerðar á árinu.

Til stendur að bora eftir neysluvatni á **Djúpavogi**, í kjölfar borunar til hitaveitu sem nú stendur yfir. Markmiðið er að skipta út vatnsbólínu á Búlandsdal og þar með komast hjá fyrri áformum um endurhönnun inntaksins.

Í **Fellabæ** fyrirhugar sveitarfélagið gatnagerð við Valgerðarstaðaveg, með tilheyrandi lagnavinnu veitunnar. Til stendur að endurnýja dreifikerfi veitunnar í **Dynskógum** á árinu, áður en yfirborð götunnar og gangstéttar verða endurnýjaðar á vegum Múlaþings.

Gagnaveita

Dreifikerfið heldur áfram að þróast samhliða endurnýjun gatna og nýbyggingu í sveitarfélaginu.

Á árinu stendur til, í samstarfi við Múlaþing og Rarik, að leggja ljósleiðara 12 km leið í norðanverðum Berufirði, frá Hamraborg að Kelduskógum. Lagning gagnaveitu í Lækjargötu Seyðisfirði er áformuð í sumar, ef fjarvarmaveitulagnir verða lagðar.

Góu 2024,
Aðalsteinn Þórhallsson,
framkvæmdastjóri



HEF veitur ehf.

Ársreikningur 2023

HEF veitur ehf.
Einhleypingi
700 Egilsstaðir

kt. 470605-1110

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

HEF veitur er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu Múlaþingi ásamt uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri HEF veitna ehf. á árinu sem nam 284 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 3.142 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 2.006 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 63,8%.

Í árslok 2023 nam hlutfé félagsins 582 millj. kr. og breyttist ekki á milli ára. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra HEF veitna ehf. eru reikningskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2023 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri HEF veitna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, / 2024

Í stjórn fyrirtækisins:

Framkvæmdastjóri:

